

# Skýrsla vegna yfirferðar gátlista um starfsumhverfi í skólum

Öryggi og heilbrigði

Lundarskóli desember 2023



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Vinnuverndarstarf .....	3
1.2. Úrbætur vegna vinnuverndarstarfs.....	3
2. Vinnuaðstæður – félagslegir þættir.....	3
2.2. Úrbætur vegna félagslegra þátta. ....	4
3. Vinnuaðstæður – efnislegir þættir .....	4
3.2. Úrbætur vegna efnislegra þátta .....	5
4. Vinnuaðstæður - öryggi.....	6
5. Vinnuaðstæður - sérrými.....	6
5.2. Úrbætur vegna sérrýma .....	7
6. Aðbúnaður.....	7
6. 2. Úrbætur vegna aðbúnaðar .....	8
7. Annað tengd heilbrigði starfsmanna .....	8
Lokaorð.....	8

## Inngangur

Í lok nóvember 2023 var farið yfir gátlista frá vinnueftirlitinu um starfsumhverfi í skólum og sérstakan gátlista er snýr að hollustuháttum, öryggi á starfsstöð og aðbúnaði. Þessi skýrsla felur í sér upplýsingar um mat öryggisráðs skólans á aðstæðum með hliðsjón af gátlistunum. Hver þáttur er skilgreindur í hverjum kafla fyrir sig. Þar koma fram upplýsingar og niðurstöður öryggisnefndar skv. niðurstöðum úr gátlistanum. Í undirkafla í hverjum kafla fyrir sig eru ávarpaðir þættir sem þurfa á úrbótum að halda. Ef öryggisráðið metur það svo að úrbóta er þörf kemur það fram á matslistanum og er svo tekið sérstaklega fram í lok hvers kafla. Atriði sem eru tiltekin þar fara í sérstaka úrbótaáætlun vegna öryggismála. Stefna þessi gildir um allt starfsfólk skólans.

Við áhættumat á vinnustað var við gátlistann Starfsumhverfi í skólum, *Innra starf fyrirtækis*, *hollustuhættir*, *öryggi*.

## 1. Vinnuverndarstarf

Við skólann starfar öryggisnefnd skipuð skólastjóra, öryggisfulltrúa sem er umsjónarmaður fasteignar og öryggistrúnaðarmaður úr röðum starfsmanna. Hlutverk þeirra er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi á vinnustað og vinna samkvæmt gildandi lögum og reglum í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli um öruggt starfsumhverfi skólans.

Einnig er til öryggishandbók sem tekur á helstu þáttum er varða almennt öryggi starfsmanna. Mikilvægt er að skólastjórnendur/skólastjóri hafi sótt námskeið í vinnuvernd til að auka færni og þekkingu varðandi vinnuvernd, hollustu og öryggi á vinnustað. Núverandi skólastjóri tók við starfi í janúar 2023 og hefur ekki sótt námskeið um vinnuvernd.

Mikilvægt er að starfsmaður upplýsi skólastjóra um vinnuslys eins fljótt og auðið er. Vinnuslys þar sem starfsmaður er frá í einn dag eða meira eru skráð og tilkynnt til rafrænt til vinnueftirlits og á pappír til Sjúkratrygginga Íslands. Starfsmaður þarf að verða sér úti um áverkavottorð eða veikindavottorð eftir því sem við á. Gögnin eru síðan send til verkefnastjóra á mannauðsdeild Akureyrarbæjar. Vinnustaður greiðir fyrstu heimsókn á slysadeild sem annað hvort er sett í reikning hjá Akureyrarbæ eða starfsmaður greiðir og fær kvittun sem síðan fer í endurgreiðsluferli. Starfsmaður greiðir kostnað eftir þetta en þarf að geyma kvittanir og getur fengið endurgreitt hjá Sjúkratryggingum Íslands ef slysið flokkast sem vinnuslys. Þegar um alvarlegri slys er að ræða sendir stjórnandi einnig tilkynningu til VÍS sem er tryggingafélag Akureyrarbæjar. Atvinnusjúkdómar hafa ekki verið tilkynntir til Vinnueftirlits ríkisins.

Í starfsmannahandbók Lundarskóla er kafla um *nýliðapjálfun* og þar er yfirlit yfir helstu þætti sem fara þarf yfir með nýjum starfsmönnum. Jafnframt er stuðst við gátlista úr stjórnendahandbók Akureyrarbæjar. Þessi mál eiga að vera í höndum stjórnenda en hafa ekki verið í nægjanlega góðum farvegi og úrbóta þörf.

### 1.2. Úrbætur vegna vinnuverndarstarfs

- Skólastjóri þarf að fara á námskeið í vinnuvernd. Áætlað að því verði lokið fyrir árslok 2024.

## 2. Vinnuaðstæður – félagslegir þættir

Félagslegur og andlegur aðbúnaður er góður. Gott samstarf ríkir í skólanum, stuðningur í starfi, verkaskiptin skýr og starfsfólk vinnur eftir starfslýsingum. Starfsfólk skólans er hvatt til starfsþróunar

sem hluti af starfi og einnig er fólk hvatt til að þróa starfshætti utan starfstíma skóla. Unnið er skv. endurmenntunar og starfsþróunaráætlun skólans sem er í gildi til lok árs 2026.

Upplýsingaflæði er ágætt og fréttabréf um skólastarfið er sent út til starfsfólks og foreldra í lok hvers mánaðar. Þar koma fram upplýsingar um skólastarf í komandi mánuði og eins eru breytingar ávarpaðar. Skólastarf getur verið krefjandi verkefni og aðstæður skv. því. Skýrar reglur eru um starfshætti í samstarfi við skólalþjónustu.

Vinnutími er skráður í Vinnustund og þar koma fram upplýsingar varðandi vinnutíma, yfirvinnu/forfallakennslu. Álag getur myndast ef starfsfólk er mikið fjarverandi vegna veikinda og frítöku. Yfirvinna er tilviljanakennd þar sem hún kemur til vegna fjarveru annarra starfsmanna. Tryggja þarf að starfsmenn séu meðvitaðir um að þeir hafi fullt leyfi til að hafna tilfallandi yfirvinnu en annars er greitt fyrir hana skv. kjarasamningi.

Samstarfsfólk, kennarar, sérkennarar og stuðningsfulltrúar fá verkefni í samræmi við sitt starf. Skýra þarf starfslýsingar og skerpa á ábyrgð starfsmanna.

Varðandi einelti, áreiti eða ofbeldi á vinnustað þá störfum við í Lundarskóla eftir starfsmannahandbók Akureyrarkaupstaðar. Sjá: <https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/starfsmannahandbok/einelti-areitni-ofbeldi>

## 2.2. Úrbætur vegna félagslegra þátta.

- Tryggja þarf að starfsmaður viti hvert hann getur leitað þegar kröfur eru miklar eða álag óhóflegt.
- Umræður um óhóflega frítöku vegna ferðalaga og persónulegra þarfa á starfstíma skóla. Kynning á viðverureglum og stöðuna í skólanum. Lausnaleit og hugmyndavinna samhliða gerð skóladagatala 2024 – 2025. Kynning í janúar 2024 og úrvinnslu lokið í apríl 2024.
- Vinna að leiðum til að sporna við fjarveru starfsfólks. Samtal stjórnenda og starfsfólks um fjarveru frá vinnu, launalaus frítöku á vinnutíma. Samræða við einstaklinga í starfsmannasamtölum ein og við á hverju sinni.
- Fara þarf reglulega yfir starfsmannahandbók með starfsmönnum til að tryggja þekkingu og færni í starfi og verkefnum, starfslýsing.

## 3. Vinnuaðstæður – efnislegir þættir

**Vinnurými** er almennt gott þar sem starfsfólk/kennarar nýta stofur skólans til vinnu eftir kennslu. Sameiginlegt vinnurými er fremur lítið miðað við fjölda starfsmanna. Í almennu vinnurými eru staðsettar ljósritunarvélar, prentarar og annar sameiginlegur búnaður, námsgögn og almenn gögn sem nýtt eru í kennslu.

Kaffistofa starfsfólks er frekar lítil miðað við fjölda starfsfólks og hún er hluti af almennu, sameiginlegu starfsrými.

Sérstakar skrifstofur einstakra starfsmanna uppfylla vel viðmið um stærð og loftrýmis. Einnig eru kennslurými góð hvað almenna stærð varðar. Ef horft er til fjölda nemenda og starfsfólks í skólanum vantar rými til kennslu og fremur þröngt í stofum meðan kennsla stendur yfir. Kennslurými eru nýtt sem vinnurými eftir að kennsla lýkur.

Matsalur og eldhús er ábótavant miðað við fjölda nemenda og starfsfólks sem kaupir og neytir matar í skólanum. Matsalurinn er einnig fjölnota salur.

Stór hluti vinnustaðarins hefur verið endurbættur þannig að heilt yfir eru rýmin óskemmd, þrif auðveld og hálkúfrí gólf.

**Inniloft** á vinnustað er almennt gott. Hita- og rakastig samkvæmt viðmiðum og almenn loftræsting er góð. Sérstök loftræsting er ófullnægjandi í sérrýmum t.d. smíðastofu og í sameiginlegu vinnurými þar sem starfsfólk nýtir sameiginlegan búnað. Þrif eru almennt ágæt þar sem þrifið er skv. þrifáætlun. Aðkeypt þrif eru á vinnustaðnum.

Tóbaksvarnir eru til fyrirmyndar þar sem óheimilt er með öllu að neyta tóbaks á vinnustað og á lóð vinnustaðar.

**Efni og efnaáhrif** eru tryggð. Hættuleg efni eru geymd í loftræstu læstu rými og merkingar eru á umbúðum skv. lögum og reglum um merkingar á umbúðum. Aðilar sem vinna með slík efni fá kynningu frá húsverði og samstarfsfólki. Ef slys verða tengd efnum og áhrifum þeirra þá er hægt að fá neyðaraðstoð frá skólahjúkrunarfræðingi og einnig eru sturtur til staðar í skólahúsnæðinu sem hægt er að nota í neyð.

**Lýsing** í skólanum er góð og almenn dagsbirta nær vel inn í húsnæði. Birtuskil eru góð í öllum rýmum skólans.

**Hávaði** í skólanum er almennt innan marka á öllum stöðum í skólanum nema í matsal. En þar er mælist stundum mikill hávaði þegar nemendur eru í mat. Öryggisnefnd í samstarfi við starfsfólk eldhús mælir hávaða í matsalnum hvert haust og vinnur með nemendum og umsjónarkennurum að því að minnka hávaða sem myndast í matsalnum á matmálistímum, fækka nemendum í matsal eftir bestu getu. Keypt voru borð í matsal með áföstum stólum þannig að glamur þegar stólar eru dregnir til er úr sögunni. Diskar og skálar eru úr plasti til að minnka hávaða.

Að öðrum kosti er hljóðvist í skólanum almennt góð og þá sérstaklega eftir að unnið var að endurbótum á skólahúsnæðinu en þeim lauk sumar 2022.

Varðandi raddvernd kennara þá er hljóðkerfi í öllum stærri kennslustofum í skólanum. Það er í rýmum sem bera fleiri en 10 nemendur. Loftræsting er misjöfn sbr. upplýsingum hér frammar um inniloft.

**Titringur** er almennt ekki til staðar í skólanum nema í smíðastofu og þá eru nýttar starfsaðferðir sem valda síður titringi og viðeigandi búnaður nýttur til að koma í veg fyrir titring.

**Verkstöðvar - líkamlegt álag/líkamsbeiting.** Vinnuaðstaða er almennt góð þar sem kennarar vinna ávallt að fjölbreyttum verkefnum, hægt er að stilla hæð á kennaraborðum/skrifborðum og skjám sem nýttir eru til kennslu. Vinnustólar eru stillanlegir hvað hæð og setþægindi varðar, undirlag stöðugt og allur almennur búnaður til starfs er innan seilingar. Húsbúnaður er á hjólum og því handhægt að færa húsbúnað til eftir þörfum. Ekki hefur verið lögð áhersla á fræðslu og þjálfun varðandi líkamsbeitingu.

### 3.2. Úrbætur vegna efnislegra þátta

- Huga þarf að stækkun á matsal og eldhúsi með viðbyggingu við skólann. Stækkun þarf að taka mið af áætluðum fjölda nemenda við skólann bæði hvað varðar sal og aðstöðu í eldhúsi. Um ræðir pólitíska ákvörðun um stækkun á skólahúsnæðinu.
- Húsvöður vinnur nú þegar að bættri loftræstingu í sérrýmum í samstarfi við fasteignir Akureyrar.

- Fræðsluerindi um heilsu, velferð, þjálfun og líkamsbeitingu. Setja á áætlun í samstarfi við nefnd um heilsueflandi grunnskóla. Áætlun heilsueflandi grunnskóla er í ferli og áætluð verklok í haust 2024.

## 4. Vinnuaðstæður - öryggi

**Húsnæði og umhverfi.** Aðgengi að húsnæði skólans er gott fyrir alla. Þetta á við um aðgengi hjólastóla, móttöku á vörum og almennt aðgengi. Hægt er að opna hurðir með þrýstirofa og haf hurð opna eftir þörfum við móttöku á vörum. Lyfta er til staðar ef flytja þarf þyngri hluti á milli hæða. Reglubundið viðhald hefur átt sér stað. Umferðar og gönguleiðir eru greiðar að skóla og ávallt vel mokaðar ef snjóar. Einnig er sandborið ef hálka myndast á gönguleiðum.

Flóttaleiðir í skólanum eru greiðar og merktar. Rýmingaráætlun er til staðar og rýmingaræfingar fara fram á hverju skólaári. [Hér má sjá rýmingaráætlun skólans.](#)

**Neyðarráðstafanir og forvarnir** eru skv. viðbraðgsáætlun, Viðbrögð við ógnum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum o.fl. [Hér má sjá viðbragðsáætlun skólans.](#) Slökkvi- og skyndihjálparbúnaður er til staðar og einnig hjartastuðtæki. Eldvarnareftirlitið hefur eftirlit með búnaði í samvinnu við húsvörð skólans. Starfsmenn sækja skyndihjálparnámskeið reglulega og næsta námskeið verður í janúar 2025.

## 5. Vinnuaðstæður - sérrými

**Smíða/verkgreinastofur.** Vélar og tæki eru til staðar í smíða- og verkgreinastofum. Reglulega er farið yfir tæki og tól með tilliti til öryggis. Kennarar fylgjast með tækjum, tólum, persónuhlífum, kaupa hlífðargleraugu eftir þörfum og sinna viðhaldi í samstarfi við húsvörð. Lausir fjármunir og verkfæri eru í skápum þar sem kennarar stýra aðgengi að þeim. Aðstaða fyrir kennara er til staðar í stofu. Útsláttarrofar eru til staðar og eru virkir. Leiðir eru í myndlistarstofu í læstu rými og einungis myndlistarkennari gengur þar um.

**Efna- og eðlisfræðistofa** er til staðar í skólanum en er eins og stendur nýtt í almenna kennslu. Læst rými inn af stofu inniheldur tæki, tól og efni sem nýtt eru í náttúrufræðikennslu. Stofan er aðgangsstýrð og aðeins tilfallandi kennarar, húsvörður og stjórnendur hafa aðgang að stofunni.

**Efni og notkun hættulegra efna á vinnustað.** Hættuleg efni eru í efnafræðistofu, ræstikompum, myndlistarstofu, textílstofu og smíðastofu. Stofur eru læstar og aðgangsstýrðar. Enginn fer þar inn nema undir eftirliti starfsmanns skólans. Efni í efnafræðistofu eru í læstri loftræstri kompu og í lokuðum skáp. Sturta er á öllum göngum.

**Eldhús** er fremur lítið enda hannað á sínum tíma sem súpueldhús á sínum tíma. Eldhús var ekki hugsað til að fullleða máltíðir fyrir 500 manns. Allur aðbúnaður er til staðar sem þarf og flest í seilingarfæri. Hjólaborð léttu vinnu og góð vinnuborð sem og hitaborð eru til staðar. Öll borð í matsal, vinnutæki og grænmetisbar er á hjólum og því gott að færa til. Frystiskápar eru í nokkurri fjarlægð frá eldhúsi og þarf að flytja vörur á milli á vagni.

**Frístundarheimili** er starfandi innan veggja skólans fyrir nemendur í 1. - 4. bekk. Starfsmenn þar vinna eftir hádegi þegar aðrir, t.d. kennarar og stuðningsfulltrúar eru lausari við. Starfsmenn Frístundar hafa því lítil tók á að mæta á starfsmannafundi því Frístundin er opin alla virka daga yfir vetrartímann til 16:15 hvort sem er skólastarf að morgni eða ekki. Starfsmenn Frístundar geta nýtt

sér munahólf í almennu starfsmannarými í skólanum. Stærð rýmis er í minna lagi miðað við fjölda nemenda. Einnig er rýmið opið og því myndast oft hávaði og umgangur töluverður í rýminu meðal annarra starfsmanna. Möguleiki er á að teygja starfsemina víða um skólann og út á skólalóð eftir þörfum.

**Íþróttahús** er ekki við skólann en íþróttir eru kenndar í KA.

**Sundlaug** er ekki við skólann en sund er kennt í sundlaug Akureyrar.

## 5.2. Úrbætur vegna sérrýma

- Huga þarf að skipulagi í Frístund svo starfsmenn hafi tækifæri á að sækja starfsmannafundi. Stjórnendur þurfa að skipuleggja starfsmannafundi í samræmi við lokunardaga í Frístund. Verður það gert í samræmi við skóladagatalið hverju sinni (næst vor 2024).
- Huga þarf að skipulagi í Frístund miðað við þau rými sem við höfum laus hverju sinni og í samræmi við fjölda nemenda í Frístund. Hugmyndavinna varðandi skipulag á húsnæði skólans fer fram vor hvert fyrir komandi skólaár. Þá er tekið tillit til fjölda nemenda í skólanum. Lögbundið skólastarf hefur forgang að rýmum (næst vor 2024).

## 6. Aðbúnaður

Starfsmannarými er fremur lítið miðað við fjölda starfsfólks. Kaffistofa fremur lítil og einnig fatahengi. Salerni fyrir starfsfólk miðað við fjölda og þau eru ekki háð kynjum. Almenn tæðing innanhúss er gott. Kennsluálmur skólans eru á tveim hæðum en starfsmannaálma, bókasafn og salur eru á einni hæð. Lyfta er til staðar ef flytja þarf þyngri hluti. Einn áhættuþáttur yfir vetrartímamann er hálfka á skólalóð. Það fyrirtæki sem sér um mokstur og söndun á lóðinni á þó alltaf að meta hvort ástæða sé til að sanda lóðina áður en fólk mætir til starfa og hefur því verið vel sinnt. Starfsfólk hefur einnig fengið mannbrotta til notkunar þegar unnið er við gæslustörf á skólalóðinni. Ef ástand skapast þannig að hætta stafar að snjóhengjum á skólabyggingunni er brugðist við því. Áhöld fyrir þrif eru til staðar í öllum álmum og eru þau staðsett í ræstiklefa.

Húsgögn fyrir nemendur eru nýleg, létt og meðfærileg. Stærð á borðum og stólum eru í samræmi við aldur nemenda. Borð fyrir kennara og stjórnendur eru hæðarstillanleg og á hjólum. Öll húsgögn sem gæti þurft að færa til eru á hjólum. Á hurðum eru pumpur vegna eldvarna. Aðrir starfsmenn en kennarar hafa nýlega fengið fræðslu um líkamsbeitingu.

Loftræsting og lýsing er mjög góð í skólanum enda kennsluálmur nýjar. Kennarar hafa fartölvu til afnota og geta hagrætt sínu vinnuumhverfi og hafa nokkurn sveigjanleika varðandi óstaðbundna vinnu. Loftræsting er góð og gardínur í stofum. Kennsluálmur eru nýjar (2021-2022) og því allur aðbúnaður með besta móti. Hljóðkerfi er til staðar í stofum.

Smitleiðir eru ansi margar í skólanum en besta leiðin til að minnka tíðni smita er handþvottur og að halda ræstingum góðum (sótthreinsa snertifleti) ásamt reglulegri fræðslu um smitvarnir. Þá er handspritt aðgengilegt víða um skólann þegar þörf er á, t.d. í heimsfaraldri.

## 6. 2. Úrbætur vegna aðbúnaðar

- Húsnæði er nýtt/endurbætt að mestu en huga þarf að stært á matsal og starfsmannarými ásamt salernistaðstöðu fyrir starfsfólk. Fasteignir Akureyrar þarf að taka ákvörðun um stækkun skólans (pólitísk ákvörðun).

## 7. Annað tengd heilbrigði starfsmanna

Starfsmenn eru hvattir til að stunda heilbrigða lífshætti og skólinn er heilsueflandi grunnskóli. Kennarar hafa leyfi til að skrá hreyfingu sem hluta af undirbúningi/starfsþróun. Notkun tóbaks og áfengis er stranglega bönnuð í húsnæði skólans og á skólalóðinni. Heilsueflingarnefnd og starfsmannafélagið er reglulega með uppákomur tengda andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks. Einnig hafa sum stéttarfélög starfsmanna í boði líkamsræktarstyrki og skólinn hvetur sína starfsmenn til að nýta slíka styrki.

Áhættuþættir fyrir þungaðar konur eða konur sem nýlega hafa alið barn/börn eru ávallt til staðar en þeim er bent á að nýta þá aðstöðu/vinnuaðstöðu sem býðst þeim til að sporna við hættum og bæta vinnuaðstöðu.

- Stigar eru í skólanum en í húsinu er lyfta sem kennarar og aðrir starfsmenn hafa aðgang að og geta notað að vild. Hálfka er oft á skólalóð yfir vetrartímann en húsvörður og umsjónaraðilar fyrir mokstur og söndun eiga að sjá til þess að ekki myndist hættulegar aðstæður á skólalóð vegna hálfku.
- Vinnuaðstaða: í skólanum eru almennt vinnuborð sem hægt er að hæðarstillja.
- Efni/mengun: öll efni eru geymd í læstum kompum eða skápum.

## Lokaorð

Við mat og yfirferð gátlista er snýr að hollustuháttum, öryggi á starfsstöð og aðbúnaði er talið að staðan sé frekar góð í skólanum. Húsnæði er nýtt/endurbætt að mestu en það sem er ábótavant snýr að starfsmannarými, eldhúsi og matsal. Sá hluti skólans hefur ekki verið endurbættur og þarfnast viðhalds og stækkunar á húsnæði miðað við núverandi fjölda nemenda og starfsfólks. Hugsa þarf að staðsetningu á Frístund og verður það gert með tilliti til nemendafjölda í skólanum ár hvert.

Skólastjórnendur þurfa að fara á öryggisnámskeið til að þekkja öryggismál betur og geta þá betur eftir starfsöryggi á vinnustað. Samstarf við öryggisráð skólans er gott.

Þetta er í fyrsta sinn sem núverandi skólastjóri fer ítarlega yfir áætlun um öryggi og heilbrigði í skólanum og hefur vinnan verið lærdómsrík og mikilvægt að henni sé fylgt vel eftir.

22. desember 2023

Marianna Ragnarsdóttir

Skólastjóri